

Leikskólinn Krílakot

Umsókn um grænfána í fimmta sinn



Leikskólinn Krílakot
Karlsrauðatorgi 23
620 Dalvík

Heimasíða: www.dalvikurbyggd.is/krilakot

Ágústa Kristín Bjarnadóttir og Sigríður Ingibjörg Stefánsdóttir

Mundi og Ösp



Mundi og Ösp eru umhverfismerki Krílakot
Mynd af Munda og Ösp er á öllum áminningum um t.d.
að slökkva ljós, spara vatn og fleira.

Efnisyfirlit

1. Stefna Dalvíkurbyggðar	4
2. Leikskólinn Krílakot	4
3. Hugmyndin fæðist	5
4. Umhverfisnefndin.....	5
5. Mat á stöðu umhverfismála	7
6. Áætlun um aðgerðir og markmið - Eftirlit og mat	8
7. Eftirlit og endurmat	10
8. Fræðsla og endurnýting	10
9. Verkefni unnin tengt orku og áttögum 2019-2021	12
Verkefni unnin skólaárin 2019 - 2021	14
10. Kynning á stefnunni	17
11. Umhverfissáttmálinn	17
Umhverfissáttmáli Krílakots	18
12. Framtíðarsýn.....	19
13. Lokaorð.....	20
Fylgiskjal 1	21
Fylgiskjal 2.....	25

1. Stefna Dalvíkurbyggðar

Dalvíkurbyggð hefur á undanförunum árum markað skýra stefnu í menntamálum. Í skólastefnu Dalvíkurbyggðar sem gefin var út 2014 segir: „Leikskólar sveitarfélagsins skulu í starfi sínu leggja áherslu á daglega útiveru og umhverfismennt auk þess að stuðla um leið að heilbrigðum lífsháttum og hreyfingu. Nemendur þurfa að hafa tækifæri til að vera í beinum tengslum við samfélagið og menninguna. Leggja skal áherslu á að bera virðingu fyrir náttúrunni, umgangast hana af ábyrgð og að þekkja nærumhverfi sitt. Lögð skal rík áhersla á sjálfbæra og hnattræna hugsun. Leikskólar sveitarfélagsins eiga að vera Grænfánaskólar“.

2. Leikskólinn Krílakot

Leikskólinn Krílakot tók til starfa haustið 1980 í hluta af núverandi húsnæði skólans. Fyrsti forstöðumaður leikskólans, þá dagheimilis, var Margrét Vallý Jóhannsdóttir. Upphaf leikskólastarfs á Dalvík má rekja allt aftur til ársins 1961 þegar Kvenfélagið Vaka kom á fót barnaleikvelli til að hafa þar barnagæslu á sumrin. Þar sem hvergi hefur fundist í gögnum neinn vígsludagur leikskólans ákváðu leikskólakennarar haustið 1995 upp á sitt eindæmi að afmæli leikskólans skyldi verða 9. september.

Sá hluti sem leikskólinn hóf starfsemi sína í var tekinn í notkun í september 1980. Salur, eldhús, skrifstofa, kaffistofa, ræsting, þvottahús og loft var byggt við árið 1987. Árið 2007 var svo þriðja deildin byggð vestan við húsið ásamt bættri starfsmannaaðstöðu. Leiksvæðið hafði verið stækkað upp í 2.960 m² eftir að við bættist trjálundur og lóð Móafells. Í ágúst 2016 sameinuðust tveir leikskólar í einn og var leikskólinn Kátakot lagður af. Núna í dag dvelja í leikskólanum börn á aldrinum c.a. 9. mán - 6 ára.

3. Hugmyndin fæðist

Veturinn 2008 - 2009 tóku allir skólar í sveitarfélaginu þátt í verkefninu *Á grænni grein*. Leituðust þeir við að stíga skrefin 7 í átt að Grænfánanum. Í stefnuskrá skólanna var ákvæði um að allir eigi þeir að vera Grænfánaleikskólar.

Starfsfólkið fór á fund hjá Landvernd og hjá Gámapjónustunni auk þess að kynna sér vinnu Grænfánaskóla á Akureyri. Markvisst hefur verið unnið að því að gera Krílakot að umhverfisvænum vinnustað og stuðla að verndun umhverfis. Þann 24. maí 2012 var flaggað fyrsta Grænfánanum við Krílakot við mikla ánægju starfsfólks, foreldra og nemenda, í annað sinn í maí 2014 og þriðja sinn í maí 2016. Þá voru sett ný markmið og stefnt að fjórðu flöggun í september 2018 en sú flöggun frestaðist til febrúar 2019.

Nú í apríl 2021 fengu allir starfsmenn námskeið um grænfána og farið í vinnu með hvað við erum að gera vel og hvað mætti betur fara. Einnig hvað væri okkar draumaleikskóli. Margar flottar hugmyndir komu og mun grænfána hópurinn taka þær saman og vinna með þær flottu hugmyndir sem þar komu fram. Áætlað er svo að flagga í fimmta sinn í maí 2021.

4. Umhverfisnefndin

Í umhverfisnefnd var valið skv. leiðbeiningum á síðu Landverndar. Í henni eru stjórnandi, kennarar, starfsmenn í eldhúsi og foreldrar sem sitja í stjórn foreldrafélagsins eða foreldranáði. Umsjónaraðili verkefnisins var valinn úr röðum starfsfólks. Ræstingaraðili er utanaðkomandi aðili en er hafður með í ráðum þó hann sæki ekki formlega fundi. Umhverfisnefndin heldur fund tvisvar á ári, á haustin og á vorin.

Á umhverfisnefndarfundum er farið yfir stöðu mála, bent á það sem gott er og rætt um hvað betur má fara. Settir eru niður punktar um hvað næst sé á

dagskrá, hvernig megi fræða börnin betur og hvernig er hægt að virkja fleiri í kringum okkur.

Reynt er að hafa börnin í elsta árgangi með í ráðum og börnin á þrem elstu deildunum flokka í þar til gerða dalla og spjallað er um tiltekið málefni sem varðar náttúruna, heilsu eða umhverfisvernd.

Vegna covid náðist ekki að funda eins mikið og ráð var gert í upphafi en ætlað er að umhverfishópurinn muni funda 2-3 á önn eða 4-6 sinnum á einu skólaári.

Umhverfisnefnd skólans veturinn 2019-2021

- 👉 Ágústa Kristín Bjarnadóttir, Aðstoðarleikskólastjóri
- 👉 Sigríður Ingibjörg Stefánsdóttir, starfsmaður á deildinni Hólakoti
- 👉 Halldóra Jóhannsdóttir, starfsmaður í eldhúsi
- 👉 Dóra Rut Kristinsdóttir, starfsmaður á Skýjaborg
- 👉 Hilmar Örn Gunnarsson, starfsmaður á Sólkoti
- 👉 Kolbrá Kolka Guðmundsdóttir, starfsmaður á Kátakoti
- 👉 Kristín Arngrímsdóttir, starfsmaður í eldhúsi
- 👉 Inga líf Ingimarsdóttir, Afleysing inn á deildar

Foreldrar í stjórn foreldrafélagsins 2019 - 2021

- 👉 Heiðrún Edda Ingþórsdóttir (Tanja Lind og Þórdís Helga)
- 👉 Guðrún Magnúsdóttir (Aron Ísak)
- 👉 Saga Karen Björnsdóttir (Rakel Ýr)
- 👉 Þórdís Rögnvaldsdóttir (Hólmfríður Dís og Jóhann Már)
- 👉 Hrefna Katrín Björgvinsdóttir (Baldvin Karl)

Foreldraráð og umhverfisráð sem kemur að umhverfismálum 2019 - 2021

- 👉 Snæþór Arnþórsson (Jónþór Jökull)
- 👉 Katrín Sif Ingvarsdóttir (Hrafnar Logi)

👉 Sigríður Jódís Gunnarsdóttir (Huldís Anna)

👉 Lenka (Thea Sif)

Á fundum sem kennarar sitja er farið yfir hvernig verkefnið gengur og tekur ákvarðanir um áframhaldandi skipulag og verklag varðandi verkefnið. Einnig er farið yfir gátlista og kannað hvaða árangur hefur náðst og hvað má fara betur. Með foreldrum er farið yfir stöðu skólans, hvað er verið að vinna með og fengnar hugmyndir frá foreldrum um hvað hægt er að gera betur eða bæta í starfinu.

5. Mat á stöðu umhverfismála

Staða umhverfismála var metin þannig að gátlisti af heimasíðu Landverndar var fylltur út á fyrsta starfsári Krílakots af því starfsfólki skólans sem var í umhverfisnefndinni. Frá upphafi voru stigin græn skref og meginþættir starfsins komu vel út á gátlistanum en þó var þar ýmislegt sem þurfti að bæta, t.d. varðandi ljósaperur, rafhlöður, föndurefni og fleira. Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð styður við umhverfisvænan hugsunarhátt. Á hverju heimili og í hverju fyrirtæki er gert ráð fyrir að eftirfarandi sé flokkað: Lífrænn úrgangur, ýmiss konar pappír, pappi, plast, málmar, fernur og rafhlöður.

Gátlistinn var síðan aftur fylltur út haustið 2013. Þá hafði ýmislegt verið bætt síðustu árin, en annað mátti enn bæta. Haustið 2015 fylltum við út gátlistann og svo aftur vorið 2016 og voru nokkrir þættir sem höfðu breyst frá fyrri skýrslu. Vorið 2018 var farið yfir listann og litlar breytingar orðið frá því 2016. Nú á vordögum 2021 var farið yfir listann og litlar breytingar gerðar. Gátlistann má sjá í fylgiskjali 2.

6. Áætlun um aðgerðir og markmið - Eftirlit og mat

Stöðugt endurmat fór fram á tímabilinu 2019 - 2021 til þess að þau markmið sem þegar höfðu náðst 2016 - 2018 myndu halda sér og fundnar leiðir til að ná nýju markmiðunum. Ný markmið voru sett þegar skýrslu var skilað 2018 sem gekk ágætlega að framkvæma

Markmið Krílakots skólaárin 2019-2021

Við ætlum að halda áfram að vinna að settum markmiðum og þróa okkur áfram:

1. Að vera meðvituð um mikilvægi þess að flokka sorp.

Dalvíkurbyggð styður flokkun sorps með flokkunarkerfi og stutt er að fara á endurvinnslustöð með gler og annað sem ekki er sótt heim. Lífrænn úrgangur fer í sértunnu og er fluttur til moltugerðar. Þar sem lífrænn úrgangur er flokkaður og sendur til moltugerðar höfum við ekki útbúið moltu sjálf. En meiri hluti lífræns úrgangs fer í hænur á einum sveitabæ í sveitafélaginu.

2. Að hlutir séu endurnýttir eins mikið og mögulegt er.

Leikskólinn hefur starfandi listasmiðju og eru kennarar duglegir að nota efnivið sem fellur til eða sem nemendur safna sjálf í vettvangsferðum. Úr gömlum handklæðum klippum við niður þvottastykki sem við notum til að þrifa okkur með eftir máltíðir. Við reynum að nýta umbúðir sem koma utan um vörur sem keyptar eru inn.

Haustið 2016 settum við af stað skiptimarkað á fötum þar sem foreldra geta komið með fatnað sem er orðinn of lítill og náð sér þá í stærri fatnað í staðinn. Vegna covid datt þetta mikið út á síðasta ári upp á að minnka smitleiðir en verður sett inn aftur í haust þegar vonandi allir verða orðnir bólusettilir.



3. Við viljum rækta matjurtir og fylgjast með hvernig fræ verður að plöntu og síðar að fæðu sem við borðum.

Núna vorið 2021 er verið að setja upp ker til að rækta kartöflur og gulrætur við dvalarheimilið Dalbæ. Nemendur á Kátakoti (næst elstu nemendur setja niður og taki svo upp um haustið þegar þau eru komin á Hólakot (elstu deildina). Búið er að setja upp útsæði með nemendum og starfsfólk Dalbæjar hefur útbúið ker með mold.

4. Að fara sparlega með pappír, vatn og rafmagn.

Við förum sparlega með pappírinn, teiknum báðum megin á blöðin, aftan á niðurklippta morgunkornspakka og blöð sem búið er að prenta á öðru megin. Við pössum upp á að skrúfað sé fyrir krana eftir notkun og að ljós séu slökkt þegar farið er úr mannlausum herbergjum.

5. Að við þekkjum okkar nánasta umhverfi og berum virðingu fyrir því.

Á eldri deildunum er útikennsla einu sinni í viku þar sem farið er í vettvangsferðir um bæinn. Nálægð er mikil við fjall og fjöru. Spannandi þykir þeim að fara í skógarreitinn okkar. Tilraunaverkefni í útkennslu fór í gang sumarið 2018 í skógarreitnum Böggi þar sem nemendur á deildinni Kátakoti fóru þrisvar í viku í útikennslu frá kl 10 - 14. Sumarið 2019 og 2020 voru allar deildar komnar með fasta rúttínu með útikennslu tengt aldri og getu hvers aldurs.

6. Við viljum segja öðrum frá öllu því góða sem við gerum og hafa það sýnilegt fyrir foreldrum og börnum.

Á veggum leikskólans eru hengd upp öll þau verkefni sem nemendur vinna með og tengjast náttúru og umhverfisvitund. Þannig eru þau sýnileg foreldrum og nemendum. Á heimasíðu skólans eru almennar upplýsingar um umhverfismál

leikskólans og sagt er frá Grænfánaferlinu. Þar er einnig umhverfissáttmáli leikskólans sýnilegur.

7. Að við séum meðvituð um mikilvægi hreyfingar og hollustu.

Við leggjum ríka áherslu á bæði andlegt og líkamlegt heilbrigði. Það gerum við með því að vera dugleg að hreyfa okkur, borða hollt og vera góð við hvert annað. Elstu tveir árgangarnir fara í íþróttatíma hjá íþróttakennara einu sinni í viku. Á haustin og á vorin fáum við einnig sundkennslu hjá sama kennara. Yngri deildarnar fara í hreyfistundir í sal leikskólans. Einnig erum við dugleg að fara í gönguferðir og útiveru.

7. Eftirlit og endurmat

Fyrir hverja Grænfánaumsókn munu bætast við fleiri markmið fyrir leikskólann. Gátlisti er fylltur út á tveggja ára fresti. Áfram verða haldnir reglulegir fundir í umhverfisnefnd, bæði í fullorðins- og nemendanefnd. Umsjónarmaður verkefnisins minnir starfsfólk og nemendur á umhverfisvæna hætti og hvetur starfsfólk til að finna umhverfisvænar hugmyndir til að nota í starfinu.

8. Fræðsla og endurnýting

Fræðsla til nemenda fer fram í útikennslu, hópastarfi, samverustundum, söngstundum eða í ávaxtastundum þegar þau eru öll saman komin og hlusta. Hún fer oft fram í formi spjalls og eru ýmis verkefni unnin, bæði sameiginleg og einstaklingsverkefni. Fræðslan fer líka fram í söng og leik, en leikurinn er mikilvægasta náms- og þroskaleið nemenda og fer mikið nám fram í gegn um leik.

Nemendur eru hvattir til að flokka sorp í leikskólanum. Þau eru frædd um það hvað verður um ruslið og hvernig hægt sé að nýta endurvinnanleg efni aftur. Eftir ruslatínsluferðir setjast allir niður saman og flokka ruslið sem tínt var.

Í vali hefur stundum verið boðið upp á að leika með náttúruleg efni eins og trjágreinarnar, skeljar og steina eða byggja úr mjólkurfernum.

Verkefni sem unnin hafa verið í gegnum árin og eru enn við líði.

- Skýin fyrir myndir af börnunum í forstofu eru plöstuð og endurnýtt.
- Hjörtun og bangsarnir sem bjóða börnin velkomin eru plöstuð og notuð aftur og aftur.
- Smekkir saumaðir úr gömlum handklæðum og sængurverum.
- Þvottastykki saumuð úr gömlum handklæðum.
- Taupokar fyrir hvern nemenda notaðir fyrir óhrein föt.
- Leikföng keypt notuð í Rauðakrossbúð.
- Bendum ræstitækni á ef ekki þarf að skúra gólf í herbergjum.
- Nýtum plöstin betur í plöstunarátt.
- Morgunkornspakkar notaðir fyrir föndurpappír.
- Körfurnar með nöfnum nemenda fluttar á milli deilda.
- Leggjum alltaf meiri og meiri áherslu á að flokka það sem fer til/í endurvinnslu.
- Nota pappírsganga fyrir börnin til að lita og líma.
- Skóhlífar heyra sögunni til.
- Næstum allar matarleyfar fara á bóndabæ fyrir hænur þar á bæ.

Útikennsla

Í útikennslunni fer fram mikil umhverfisfræðsla en þar hefur nálægðin við náttúruna áhrif. Í gönguferðum fylgjumst við með árstíðum, veðri, umferð, dýralífi, gróðri og spáum í stjörnufræði og himingeiminn. Við tinum rusl, skoðum átthaga okkar og tökum myndir af því sem fyrir augu ber. Í umhverfinu getum við einnig fundið efnivið til listsköpunar. Stundum er leikið í trjám eða snjóhús búin til.

Markmið útikennslu eru:

- Að efla alhliða þroska nemenda
- Að nemendur kynnist nærumhverfi sínu og leikskólans.
- Að nemendur kynnist náttúrunni og læri að bera virðingu fyrir henni.
- Að nemandi efli þol sitt og úthald.
- Að vinna með námssvið aðalnámskrár leikskóla.
- Að nemendur læri umferðarreglurnar.
- Að nemendur rannsaki og skoði náttúruna.
- Að nemendur njóti og nýti náttúruna allt árið um kring sem leiksvæði og efnivið til skapandi starfs og leikja.

Umhverfið getur tengst mörgum þáttum leikskólastarfsins, þess vegna er útikennsla mikilvæg þegar kemur að stærðfræði og leikskólalæsi en þá tengja nemendur snemma við að það sé hægt að læra ýmislegt af náttúrunni.

Sveitaferð

Sveitaferð er árlegur viðburður hjá okkur og er markmiðið að nemendurfái tækifæri til að komast í nánd við dýrin í sveitinni, kynnist búskap og lifnaðarháttum. Heimsótt eru býli í nágrenninu og er það foreldrafélagið sem sér um að skipuleggja þessar ferðir í samstarfi við skóla. Foreldrar koma með í ferðina sem er frábært til að efla samskipti foreldra, nemenda og starfsfólks.

9. Verkefni unnin tengt orku og átthögum 2019-2021

Við ákváðum að öll fræðsla í tengslum við grænfánann væri sameiginleg ábyrgð okkar allra, þ.e. yrði hluti af okkar daglega starfi. Við höldum áfram að fara sparlega með vatn og rafmagn og endurnýta það sem mögulegt er.

Aðal áhersla okkar var áttthagi og orku. Við skoðum nærumhverfið, fórum í göngutúra og ýmsar vettvangsferðir þar sem við lögðumst í rannsóknarvinnu og gerðum tilraunir.

Markmið og leiðir með áttthagabema

- Að nemendur þekki sitt nærumhverfi.
Í göngutúrum um nágrennið, skoðum náttúruna og það sem í kringum okkur er. Við skoðum helstu stofnanir og kíkjum í heimsóknir og kynnum okkur helstu vinnustaði í sveitafélaginu. Við höfum kíkt á bæjarskrifstofurnar, Samkaup Úrval, dvalarheimilið Dalbæ, menningarhúsið Berg, slökkvistöðina og ýmsa fleiri staði.
- Að nemendur þekki umferðarreglurnar og viti hvað ber að varast í umferðinni. Við leggjum áherslu á að nemendur læri að líta til beggja hliða og hlusta áður en þau fara yfir göturnar og að best sé að fara yfir á gangbraut. Allir nemendur eru í endurskinsvestum þegar við förum í göngutúra og nýlega voru keypt vesti á kennarana líka. Við ræðum um mikilvægi þess að vera með endurskinsmerki svo bílstjórnarnir sjái okkur betur.
- Að nemendur þekki helstu dýr og plöntur í náttúrunni í kring. Við förum með stækkunarglerin í gönguferðir og skoðum það sem fyrir augu ber, hvort sem það eru skordýr eða plöntur, í skógi eða fjöru. Við ræðum um hvað þau heita og reynum stundum að finna myndir af þeim í fræðibókum.
- Að nemendur þekki helstu stofnanir, söfn og vinnustaði í sveitafélaginu.
Eins og áður segir förum við í heimsóknir á vinnustaði en einnig skoðum við þau söfn sem eru í sveitafélaginu. Við förum reglulega á Bókasafn Dalvíkurbyggðar og höfum einnig kíkt á Byggðasafnið.
- Að nemendur fræðist um hvernig sólkerfið okkar virkar.

Markmið og leiðir með orku

- Að nemendur læri um orkuna og hvaðan hún kemur
- Að nemendur læri að passa upp á að slökkva ljós og spara þannig rafmagn
- Að nemendur læri um hvernig á að nýta orkuna og hvort það sé til næg orka til á Íslandi.
- Í hvað fer rafmagnið í dag og hvað var notað áður fyrr.

Verkefni unnin skólaárin 2019 - 2021

Skýjaborg

Á Skýjaborg eru yngstu nemendurnir hjá okkur eða 10 mán - 2 ár gömul og unnu þau verkefni sem heitir "Ég og fjölskyldan mín". Þetta verkefni er unnið á hverju ári þegar nýir nemendur byrja. Markmiðið með verkefninu var að nemendur fái tengingu inn á leikskólann sem þau þekkja. Það auðveldar þeim fyrstu skrefin á leikskólanum ásamt því að gera hann „þeirra.“ Verkefnið ýtir undir skilning á því hvað er mín fjölskylda og einnig því að aðrir eiga sína fjölskyldu ásamt því að sýna að fjölskyldur eru allskonar. Þetta verkefni er gott tæki til málörvunar þar sem það skapar umræðugrundvöll sem nemandinn tengist og þekkir vel studdan af myndum. Í framkvæmd fyrir þetta verkefni þarf aðstoð frá foreldrum og forráðamönnum. Þeir voru beðnir um að senda myndir af nemendum og nánustu fjölskyldu sinni. Kennararnir útbjuggu svo hús sem nemendur eru búnir að mála og límdu myndirnar á. Húsin voru svo hengd í þeirra hæð svo þau gætu skoðað þau þegar þau vildu.

Sólkot og Mánakot

Á Sólkoti og Mánakoti var unnið verkefni um heimabyggðina. Sett var upp kort af Dalvíkurbyggð og sveitinni og merktra inn allar götur og teknar myndir af þeim fyrir framan húsið sitt og sett á kortið. Nemendur unnu svo með hvað fleira væri

í þeirra nærumhverfi. Einnig var rætt um hvaðan við erum komin og hvaða tungumál við tölum. Rætt var um mikilvægi flokkunar í okkar samfélagi.

Kátakot

Á Kátakoti var unnið verkefni um orku, hvernig við notuð hana og hvaðan hún kemur. Þessi áhugi kom eftir að rafmagnleysi var hér í Dalvíkurbyggð í eina 3 sólahringa og var því gjörið að grípa þennan áhuga. Brimnesáin var skoðuð þar sem lítil veitustöð er þar. Einnig sáu þau reyk koma úr reykkofunum og fræddust þau um að þarf er ekkert rafmagn heldur mórur eða tað sem settur er á eldinn og þannig myndast reykur án rafmagns. Þau fræddust um vatn, hvaðan það kemur og til hvers notum við það. Notast var við snjóinn og sjá hvernig hann bráðnar, rætt um að við förum í bað, sund, eldum mat, þvolum þvott og bíla og fleira.

Á vorönn 2021 fengu nemendur fræðslu um virkjanir og bjuggu þau til sína eigin virkjun ásamt vindmyllu. Nemendur gerðu líka hin ýmsu verkefni með notkun vasaljósa. Öll verkefnin voru unnin úr endurnýtalegum efnivið.



Einnig unnu þau verkefni sem heitir fiskurinn í firðinum okkar. Þar var spjallað um hvað væri í hafinu og skoðað hvaða tegundir eru hér í firðinum okkar og hvernig við nýtum fiskinn. Einnig var rætt um hvernig við veiðum hann, bátar og veiðistöng.



Hólakot

Unnið var með verkefnið heimabærinn og unnu Hólakots nemendur verkefni í samvinnu við 1 bekk í grunnskólanum. Nemendur fræddust um hinar ýmsu byggingar sem eru í bæjarfélaginu ásamt fleiru sem þeim fannst mikilvægt að tilheyrði þeirra heimabæ. Verkefnið var svo til sýnis í ráðhúsi Dalvíkurbyggðar. Í framhaldi fóru nemendur í verkefni um hvernig mismunandi fjölskyldur hafa það í hinum ýmsu löndum og hvernig heimili þeirra eru, ásamt aðstæðum og menningu.




Einnig unnu nemendur á Hólakoti verkefni um himingeiminn og útbjuggu þau plánetur og sólkerfið. Notaðar voru frauðkúlur sem málaðar voru og hengdar inn í pappakassa. Nemendur skreyttu kassann og festu pláneturnar inn í þeirri röð sem viðkomandi plánetur eru í úti í geimnum. Einnig teiknuðu þau myndir þar sem þau túlkuðu himingeimin á sinn hátt.



Líðan nemenda

Nemendur á þremur elstu deildum voru spurðir um líðan sína í leikskólanum. Öllum líður vel í leikskólanum og sögðu að þeim fyndist gaman í leikskólanum. Einnig sögðust allir að þeir ættu vini.

Skrifaðu X í viðeigandi reit		
Mér finnst gaman í leikskólanum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég á vini í leikskólanum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mér líður vel í leikskólanum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

10. Kynning á stefnunni

Allir grunn-, og leikskólar í Dalvíkurbyggð flögguðu Grænfánanum í fyrsta skiptið í maí 2012 og hefur umræðan um þessi málefni verið sýnileg í samfélaginu. Foreldrar hafa einnig verið upplýstir um stöðu mála, bæði með fréttabréfum og með tölvupósti og einnig á haustfundum hefur foreldrum verið sagt í stuttu máli frá áherslum skólans í umhverfismálum. Verk nemenda eru sýnileg á veggjum leikskólans og einnig eru þau hengd upp á vegg í Kjörbúðinni á Dalvík, Menningarhúsinu Bergi eða í ráðhúsinu. Þannig vonumst við til að vekja almenning til umhugsunar um hvað umhverfismál og þá lýðheilsa er mikilvæg fyrir alla og að þeir sem eldri eru séu góðar fyrirmyndir fyrir þá yngri. Í þessu tilfalli eru það þó nemendur sem eru að sýna hvað þau eru komin langt í umhverfismálum.

11. Umhverfissáttmálinn

Umhverfissáttmáli Krílakots var gerður með nemendum haustið 2014. Í umhverfissamveru spjölluðu nemendur í elsta árgangi leikskólans og kennarar um hvað okkur þætti mikilvægt í sambandi við jörðina okkar og hvernig við þyrftum að haga okkur til að geta öll lifað hér saman góðu lífi. Ákveðið var að hafa

umhverfissáttmálann með einföldum setningum sem öll börnin ættu auðvelt með að tileinka sér. Við förum yfir sáttmálann með nemendum til að halda okkur og þeim við efnið. Við veltum því fyrir okkur hvernig við getum uppfyllt þessi skilyrði og skráum gjarnan svör nemenda niður.

Umhverfissáttmáli Krílakots

Starfsfólk og nemendur í Krílakoti hugsa vel um náttúru og umhverfi.

Við flokkum rusl og sendum í endurvinnslu.

Matarafgangar nýtist sem húsdýrafóður í sveitinni allt um kring.

Í vettvangsferðum skiljum við ekki eftir rusl og

tínum upp það sem á vegi okkar verður.

Við hugsum vel um leikskólalóðina.

Allir nemendur fá taupoka við upphaf leikskólagöngu fyrir óhreinan fatnað.

Við endurnýtum hluti.

Við förum vel með alla hluti og leikföng.

Við ræktum kartöflur og grænmeti.

Við vinnum verkefni ár hvert sem stuðla að náttúruvernd.

Við vinnum verkefni ár hvert sem eykur þekkingu á náttúru og umhverfi,

samfélaginu og heiminum öllum.

Við kynnum umhverfisstefnu okkar á heimasíðu skólans og hvetjum aðra í

samfélaginu til að taka þátt.

Nemendur gera sér grein fyrir því að þau þurfa að passa að fólk hendi ekki rusli úti, tína rusl, að þau eiga að setja rusl á rétta staði, fara í gönguferðir, passa að láta vatn ekki renna, slökkva ljós og segja mömmu og pabba að vanda sig í þessu. Einnig taka þau þátt í lóðarskoðun með starfsmanni alla morgna.

12. Framtíðarsýn

Næstu tvö skólaár eða skólaárin 2021 - 2023 hefur verið ákveðið að Hólakot vinni með lýðheilsu. Nemendur fræðist um t.d. mataræði, hreyfingu, geðheilsu, tannhirðu svo eitthvað sé nefnt.

Kátakot með rafmagn og vatn (orku). Unnið verður með svipað þema og unnið var með síðustu tvö árin og festa það betur í sessi. Nemendur læri um til hvers við þurfum orku og í hvað er hún notuð. Einnig hvort rafmagn og hitaveita væri alltaf til svo eitthvað sé nefnt.

Yngri deildarnar þrjár ætla að vinna með átthaga. Hugmynd er að skoða nærumhverfi leikskólans eins og t.d. stofnanir og fyrirtæki. Skoða hvar við eigum heima og hvernig aðrir búa og starfa í kringum okkur. Getum við haft áhrif á nærumhverfi okkar með einhverjum hætti, t.d. sett okkur í samband við sveitarstjórn ef við viljum koma einhverju á framfæri? Einnig velta fyrir okkur hvernig umgengni er um bæinn okkar og leikskólann tengt úrgangi (rusli) og hugmynd er að taka að okkur svæði hér í kring og tína rusl og vigta hvað mikið við finnum í hverjum mánuði. Af hverju er mikilvægt að takmarka það rusl sem fer frá okkur? Hvaða áhrif hefur það ef við gerum það ekki?

Ákveðið var á fundi grænfánanefndar að fara yfir sáttmálann okkar og reyna að einfalda hann fyrir nemendur. Sú vinna verður gerð í samvinnu við nemendur næsta haust.

13. Lokaorð

Við erum mjög stolt af þeirri vinnu sem fer fram hér í Krílakoti og bíðum spennt eftir að skólinn okkar verði tekinn út í fimmta sinn. Síðustu ár hefur umhverfisvitund okkar aukist og höfum við gert umhverfismál að okkar lífsstíl hér í Krílakoti en kjósum að líta ekki á þau sem vinnu eða verkefni. Að spara pappír, rafmagn og vatn og að flokka sorp er orðið hluti af okkar daglegu venjum .

Við erum alltaf að læra, alltaf að finna eitthvað sem betur má fara. Við útskrifumst aldrei úr grænfánaskóla lífsins. Sjálfbærni er orðin einn af grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá fyrir leik,- grunn,- og framhaldsskóla og viljum við trúna því að með tímanum verði öll heimili og stofnanir umhverfisvæn.

Nemendur á leikskólaaldri eru móttækileg og því er best að byrja á þeim. Með góðri umhverfisfræðslu færa nemendur það heim sem þau læra í leikskólanum og meðvitund foreldra eykst þá um leið.

Vegna covid 19 og ýmissa takmarkana inn í starfinu var minna unnið að verkefnum sem voru sýnilega t.d. áttu Hólakots nemendur að vinna verkefni um hafið með 1 . bekk en ekkert varð af því verkefni. Einnig var byrjað með verkefni á vorönn 2020 en ekki tókst að klára þau. Í staðin var farið mikið í útikennslu og unnið með náttúruna og nærumhverfið. Verkefnin því ekki til á blaði en nemendur nutu þess að læra um trén, fjöllin og þau fyrirtæki sem eru hér í Dalvíkurbyggð. Snjór og haugar notaðir í leik og ýmiskonar kennslu.

Við sækjum því hér með um að fá að flagga grænfánanum í fimmta sinn og ef ósk okkar verður að veruleika væri gaman að það færi fram fimmtudaginn 27. maí.

Bestu kveðjur

Nemendur og starfsfólk í Krílakoti á Dalvík

Fylgiskjal 1

Grænfána - fundir



2019 - 2021

Grænfánafundur 16.04.2019

Inga S. Hilmar, Kolbrá, Jenný

- Hilmar ætlar að taka að sér að skoða merkingar. Hvort eitthvað sé ábótavant.
- Flokkun. Halda áfram á sömu braut og vera dugleg að minna hvort annað á.
- Matarafgangar. Vera dugleg að minna hvort annað á. Skammta minna á diskana og minna börnin á að skammta sér skynsamlega.

Grænfánafundur 09.10.2019

Inga S. Hilmar, Kolbrá, Kristín, Halldóra

- Hilmar ætlar að setja merkingar á rusladall í kaffistofu.
- Ónýtar bækur (mynda) ekki henda, heldur nýta í smiðju til að klippa og líma.
- Hvar er sáttmálinn, er hann sýnilegur? (Kolbrá)
- ATH með moltudall, á hann að vera eða ekki, Vantar lok. (Halldóra)
- ATH með lífræna poka undir pissublaut föt. (Inga)

Grænfánafundur 21.11.2019

Hilmar, Inga S, Kolbrá

- Talað um matjurtagarð í samstarfi við Dalbæ
- Þarf að hlúa að fósturtrénu okkar fyrir sunnan Dalbæ.
- Þarf að huga betur að gróðrinum í garðinum okkar.
- Rætt um sáttmálan og bíðum með að hengja hann upp
- Rætt um að fá starfsmann frá gámpjónustuni á starfsmannafund og kemma öllum að flokka rétt.
- Hvað á að gera við lífrænutunnu Jóhönnu?
- Þarf að finna verkefni fyrir hverja deild sem tengist grænfánanum.
- ATH Allir að lesa skýrsluna um grænfánann.

Græfánafundur 12.02.2020

Kolbrá, Hilmar, Ágústa, Inga S

- Mikið talað um það sem við gátum ekki gert í vetur vegna Covid-19.
- Höfum þrátt fyrir allt staðið okkur vel.
- Sólkot og Mánakot fara að vinna með nærumhverfið
- Kátakot vinnur með raforkuna, hita og þessháttar
- Hólakot fer að vinna í líðheilsu og hvað er hollt og óhollt.
- Tala við sæplast og Dalbæ til að rækta grænmeti með Dalbæ, Kátakot setur niður grænmeti og tekur síðan upp sami árgangur þegar þau eru komin á Hólakot eftir sumarfrí, Gulrætur og kartöflur.
- Hugsum okkur um áður en við hendum dóti leiskólans
- Stytta sáttmálann
- Rifja upp grænfánaverkefni allra deilda 2018-2020, senda Ágústu fyrir lok febrúar
- Halda grænfánafundi með börnunum í samveru og skrá fundinn.

Grænfánafundur 24.02.21

- Væntanleg græn kör frá Sæplast í maí til að setja niður grænmeti í.
- ATH með jarðvegisdúk og lok fyrir grænmetisverkefnið með Dalbæ.
- Fá blað fyrir hugmyndir.

Grænfánafundur 21.04.21

Faghópurinn Heilsueflandi leikskóli sameinast Grænfánahópunum.

Ágústa, Inga Líf, Inga S, Guðrún D, Hilmar, Jenný, Una, Kolbrá

- Skráð niður meðlimir umhverfisnefndar
- Uppfæra gátlistann fyrir grænfánaskýrsluna.
- Búið að panta annað skilti sem stendur „drepið á bílunum“

- Talað um að vera duglegri að slökkva ljósin á eftir okkur um húsið og þá sérstaklega á deildum.
- Fá spjald með grænfánamerkinu í stað fána (endist betur). Ágústa athugar.
- Einfalda umhverfissáttmála Krílakots næsta haust.
- Hafa einn starfsmann á hverri deild í umhverfisnefnd sem sér um og ber ábyrgð á grænfánaverkefnum sinnar deildar.

Grænfánafundur með nemendum á Kátakoti 20.01.2021

- Eldur kveikti ljós í gamla daga. Eldur í eldavél
- Jarðhiti var notaður í þvott í gamla daga.
- Vatnið gefur okkur rafmagn.
- Rætt var um að flokka rétt, vanda sig við það svo að það skemmist ekki allt sem er endurunnið
- Rætt um að skemma ekki umhverfið okkar með rusli og að brjóta tré.

Fylgiskjal 2

Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein

Skóli:

Leikskólinn Kátakot

Skólaárið:

2014-2016

Innkaup / nýtni – til að spara auðlindir og minnka rusl

	já	nei	Athugasemd – áætlun um aðgerð
1. Lögð er áhersla á að kaupa til skólans vandaða hluti sem endast vel.	X		
2. Pappír er sparaður;	x		
* skjöl sem eru meira en ein síða eru prentuð á báðar hliðar blaðs,	X		
* ljósritað er báðum megin á blöð,	X		Oftast
* afgangspappír er aðgengilegur þar sem verið er við vinnu,	X		
* afgangspappír er notaður sem risspappír eða í föndur,	X		
* umslög eru opnuð varlega, oft má nota þau aftur,		X	Leikskólinn fær lítið af umslögum til sín
* tölvupóst er notaður til samskipta eins mikið og mögulegt er,	X		
- innan skólans,	X		Sendir eru tölvupóstar og settar upplýsingar á facebook

- á milli heimila og skóla,	X		
* tauhandklæði eru notuð í stað pappírs þar sem mögulegt er,	x		Snýtubréf fer í lífrænan úrgang
* tuskur eru notaðar í stað pappírs, svo sem eldhúspappírs, til að þurrka upp eða þrifa,	X		
* Systkinalisti yfir nemendur kemur í veg fyrir að bréf frá skólanum fari í mörgum eintökum inn á sama heimili.	X		
3. Rafhlöður eru sparaðar;	X		
* vasareiknar eru með sólarrafhlöðum,			Á ekki við – notum ekki vasareikna
* hlaðanlegar rafhlöður eru notaðar í stað einnota.	X		Í myndavélar en ekki í klukkur
4. Mjólk og safi er keypt í stórum umbúðum;	x		Safi: Á ekki við
* fyrir starfsfólk,	X		
* fyrir nemendur.	X		
5. Þeir sem koma með nesti eru með það í boxum en ekki einnota pokum eða pappír.			Á ekki við
6. Aðeins eru notaðir fjölnota borðbúnaður og leirtau í skólanum.	X		

7. Allir eru með sína merktu bolla til að draga úr uppvotti.	X		
8. Fyllt er á tónerhylki í prenturum í stað þess að kaupa ný.		X	
9. Gert er við það sem bilar eða skemmist frekar en að kaupa nýtt.	X		
10. Einnota hlutir, s.s. plastpokar í ruslafötur, eru ekki notaðir eða af ýtrustu sparsemi.	X		

Meðhöndlun á rusli

	já	nei	Athugasemd – áætlun um aðgerð
1. Flokkunarstöð er í skólanum aðgengileg öllum.	X		
2. Allir sem að skólanum standa þekkja reglur skólans um flokkun á rusli;			
* nemendur,	X		
* kennarar,	X		
* skólastjórnendur,	X		
* húsvörður,			Á ekki við
* allt annað starfsfólk skólans,	X		
* ræstingafólk,	X		
* foreldrar.	X		
3. Flokkað og sent til endurvinnslu er;			
* gæðapappír,	X		
* blandaður pappír,	X		
* fernur,	X		

* bylgjupappi,	X		
* gosílát (<i>dósir og flöskur</i>),	X		
* gler (<i>krukkur o.fl.</i>),	X		Hluti af því fer í föndur
* málmur (<i>niðursuðudósir, sprittkertabotnar, málmafgangar</i>),	X		
* rafmagnsvörur og tæki,	X		
* rafhlöður,	X		
* spilliefni (<i>t.d. málningarafgangar</i>),	X		
* flúrperur og sparperur (<i>spilliefni</i>),	X		
* föt og klæði,	X		
* kertaafgangar.			Á ekki við
4. Lífrænir afgangar eru jarðgerðir, af nesti, úr eldhúsum og sag frá smíðastofu.	X		Lífrænn úrgangur fer í dýrafóður á sveitabæ í svarfaðardal.

Innkaup / rekstur – til að minnka mengun

	já	nei	Athugasemd – áætlun um aðgerð
Keyptar eru vörur og efni með viðurkenndum umhverfismerkjum;			
* gólfhreinsiefni,	X		
* uppþvottalögur,	X		
* handsápa,	X		
* gólfbón,	X		
* pappír,	X		
* umslög,			Á ekki við
* tölvur og skrifstofutæki,			Þurfum að athuga betur þegar tækin verða endurnýjuð
* ísskápar (án KFK-efna, framleiddir eftir 1994) ¹ ,	X		

¹

KFK eru klór-flúor-kolefni. Slík efni leita hátt upp í andrúmsloftið og skemma ósonlag Jarðar en ósonlagið verndar Jörðina fyrir hættulegum útfjólubláum geilsum sólar.

* rafhlöður,	X		
* salernispappír,	X		
* eldhúspappír,	X		
* kaffisíur,	X		
2. Aðeins eru notaðar rafhlöður án kadmíum og kvikasilfurs t.d. alkaline eða NiMH rafhlöður.	X		
3. Gluggatjöld, og aðrir hlutir úr taui, eru úr efni sem má þvo.	X		
4. Skriffæri og skrifstofuáhöld eru keypt af yfirvegum, helst;			
* ólakkaðir tréblýantar eða skrúfblýantar,		X	
* vatnsleysanlegt túss á pappír og töflur,	X		
* vatnsleysanlegt lím,	X		
5. Forðast er að kaupa plasthluti sem innihalda PVC. Lögð er áhersla á að plastvörur séu úr plasti sem hægt er að endurvinnna (pólýester) eða brotnar niður í birtu (PP-plast)²;	X		
* plastpokar,	X		

² Plastefni eru mjög fjölbreytt. PVC myndar díoxín þegar það brotnar niður en díoxín er eitrað. Sumt plastefni er hægt að endurvinnna eins og það í gosflöskunum og annað efni er viðkvæmt fyrir höggum og brotnar niður í sólarljósi. Mjög oft vantar hráefnisheiti á umbúðir sem gerir umhverfishæf i innkaup erfið.

* límband, bókaplast,	X		
* plasthulstur, möppur,	X		
* glærur,			Á ekki við
* leir, kennaratyggjó.	X		Við búum sjálf til okkar leir
6. Öll sápa er notuð í hófi, á Íslandi er auðvelt að þvo úr heitu vatni.	X		Settir voru upp skamtara fyrir sápu og spritt
7. Notaðir eru örtrefjaklútar við hreingerningu.	X		
8. Forðast er að kaupa miklar umbúðir t.d. með því að kaupa inn í stórum einingum.	X		

Umgengni og nánasta umhverfi

	já	nei	Athugasemd – áætlun um aðgerð
1. Enginn er á útiskóm inni.	X		
Áhersla er lögð á að hafa heilsusamlegt umhverfi innan húss t.d. góða loftræstingu.	X		
3. Öll hættuleg efni eru merkt á réttan hátt og geymd á öruggum stað (í ræstikompum, í náttúrustofu).	X		
4. Við bílastæðin eru skilti þar sem bílstjórar eru beðnir um að drepa á bílvél á meðan að beðið er (foreldrar, rútubílstjórar og flutningabílstjórar).	X		
5. Reglulega er farið um skólalóðina;	X		
* rusl tínt af lóðinni og því komið í viðeigandi förgun,	X		
* kannað hvort eitthvað er skemmt eða bilað og þá lagfært.	X		
6. Á skólalóð er ekki notað skordýra- eða plöntueitur.	X		
7. Leitast er við að hafa fjölbreytt umhverfi á skólalóð;	X		

* svæði með "landslagi" ekki síður en slétta velli,	X		
* haldið er í náttúrulegt umhverfi, grjót, gróður, vatn,	X		
* lögð er áhersla á að hafa sem fjölbreytilegastan gróður bæði tré og plöntur,	X		
* náttúrulegum plöntum úr nágrenninu er komið fyrir í viðeigandi umhverfi, þurrlendi, deiglendi, tjörn,		X	Á ekki við
* grasflötum er haldið óslegnum, a.m.k. að hluta svo að plöntur fái dreift fræjum,		X	
* nemendur taka þátt í að rækta matjurtir í skólagarði,		X	
* fuglar eru laðaðir að skólalóðinni t.d. með því að;			
* gefa þeim í vetrarhörkum,	X		Mætti samt vera oftar
* útbúa fyrir þá fuglahús,		X	Gæti verið hluti af útikennslunni
* rækta á lóðinni tré og runna ríkuleg af berjum.		X	
8. Nemendur eigna sér uppáhaldsstað.	X		Útikennsla – Skógarreiturinn Bögg
9. Nemendur "taka flag í fóstur".		X	
10. Skólinn tekur þátt í eða skipuleggur hreinsunardag hverfisins.	X		
11. Nemendur þekkja vernduð eða friðlýst svæði í nágrenninu og taka þátt í verkefnum þar.	X		Að hluta

Flutningar og ferðir

	já	nei	Athugasemd – áætlun um aðgerð
1. Fólk er hvatt til að ganga/hjóla/koma í strætó í skólann;	X		
* nemendur,	X		
* kennarar og annað starfsfólk,	X		
* foreldrar.		X	
2. Þeir sem koma á bílum leitast við að samnýta bíla.		X	Á ekki við
3. Á skólalóðinni er aðstaða til að geyma hjól undir skyggni.	X	X	Fyrir börnin en ekki starfsmenn En í sumar á að setja upp hjólagrindur fyrir starfsmenn
4. Innkaup og vöruflutningar til skólans eru vel skipulagðir til að halda flutningum í lágmarki.	X		
5. Keyptar eru íslenskar vörur eins og mögulegt er.	X		
6. Forðast er að kaupa vörur/matvæli sem hafa verið fluttar inn frá fjarlægum löndum.	X		

Orka og vatn

	já	nei	Athugasemd – áætlun um aðgerð
1. Gluggatjöld eru;			
* dregin frá þegar bjart er til að nýta dagsbirtuna,	X		
* en dregin fyrir þegar dimmt er og um nætur til einangrunar.	X		Um nætur til einangrunar
2. Notaðar eru sparperur í stað glópera.	X	X	Hefur mikið aukist en í elstu byggingunni eru enn flúorperur
3. Dregið er úr lýsingu þar sem hægt er t.d. með að fækka perum í ljósastæðum í lofti.		X	
4. Ljós eru slökkt þar sem enginn er.	X		
5. Ljós eru slökkt þar sem dagsbirtan nægir.	X		
6. Skrifstofutæki skólans (t.d. tölvur og ljósritunarvélar) fara sjálfkrafa í orkusparandi stillingu þegar þau eru ekki í notkun.	X		
7. Slökkt er á tölvum og tækjum yfir nótt og í fríum.	X		
8. Lækkað er á ofnum og slökkt á loftræstingu í öllum fríum.	X		Yfir sumarið

9. Fylgst er reglulega með rafmagnsnotkun í skólanum.		X	Þurfum að athuga
10. Fylgst er reglulega með notkun á heitu vatni.		X	Þurfum að athuga
11. Fylgst er reglulega með notkun á köldu vatni.		X	Þurfum að athuga
12. Þvotta- og uppþvottavélar eru fylltar áður en þær þvo.	X		
13. Vatn er ekki látið renna að óþörfu og strax gert við leka krana.	X		
14. Ef endurnýja þarf klósett er keypt vatnssparandi klósett.	X		
15. Leitast er við að nýta vatn af þökum t.d. til að viðhalda tjörnum og votlendi á skólalóð.			Á ekki við

Kynning og menntun

	Já	nei	Athugasemd – áætlun um aðgerð
1. Umhverfisstefna skólans er skýr og öllum aðgengileg.	X		
2. Nýir nemendur í skólanum eru strax fræddir um umhverfisstefnu skólans.	X		Allavega fljótlega eftir að þeir byrja
3. Foreldrar eru vel upplýstir um umhverfisstefnu skólans og minntir á hana við og við.	X		Þurfum samt að gera betur
4. Nýtt starfsfólk skólans fær strax kynningu á umhverfisstefnu skólans.	X		
5. Umhverfismennt er samþætt skólanámskrá skólans í;	X		
* 1. bekk,			
* 2. bekk,			
* 3. bekk,			
* 4. bekk,			
* 5. bekk,			

* 6. bekk,			
* 7. bekk,			
* 8. bekk,			
* 9. bekk,			
* 10. bekk.			
6. Nemendur fá markvissa útikennslu til að læra að þekkja og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi skólans og hverfisins.	X		
7. Við slökkvara og rafmangstæki er fólk minnt á að slökkva.	X		
8. Í anddyri skólans er tafla þar sem hengdar eru upplýsingar og auglýsingar um umhverfismál.		X	þurfum að bæta
9. Nemendur læra um pappír (og önnur efni).			
* hvernig pappír er framleiddur	X		
* hvernig sé hægt að spara pappír	X		
* hvernig pappír er enduruninn	X		
10. Nemendur fá þjálfun og leiðsögn í almenningsíþróttum og útivist;			
* gönguferðum,	X		

* hjólreiðum,			Á ekki við
* ganga á skíðum			Á ekki við
* skauta (úti).			Á ekki við
11. Skólinn hvetur til sérstakra þemadaga í hverfinu, göngu-, hjólreiða-, útivistar- eða hreinsunardaga.	X		

Skrefin sjö að Grænfánanum

	já	nei	Athugasemd – áætlun um aðgerð
1. Í skólanum starfar umhverfisnefnd.	X		
2. Í skólanum hefur staða umhverfismála verið metin.	X		
3. Gerð hefur verið áætlun aðgerðir og markmið.	X		
4. Stöðugt eftirlit og endurmat er í gangi.	X		
5. Nemendur fá fræðslu um umhverfismál.	X		
6. Skólinn kynnir stefnu sína út á við og fær aðra með.	X		Þurfum að gera betur og er það í undirbúningi
7. Skólinn hefur sett sér umhverfissáttmála.	X		